

Hestaval í Grunnskóla Grundarfjarðar í nóvember 2020

Verkefnið:

Miðað er við að nemendurnir fái 24 kennslustundir. Náminu verður stillt upp í námskeiðsformi. Það verður kennt á 7 dögum (væntanlega samliggjandi) og verða tímarnir 2 klst. í senn (21 kennslustund). Í desember verður jólastund í hesthúsinu þar sem farið verður yfir hirðingu reiðtygja, borið á hnakka og beisli og kynning á Hesteigendafélagi Grundarfjarðar.

Lýsing á námskeiðinu

Nemendur læri um íslenska hestinn. Þeir taka þátt í hirðingu, leggja við og á hest, grunnstjórnun og reiðmennsku. Setja hest út og inn.

Markmiðið er að efla nemendur í umgengni við hesta, efla sjálfsmat og félagsfærni. Einnig að kveikja áhuga á hestamennsku og að vera í samvistum við hesta og það samfélag sem því tilheyrir. Að hámarki geta verið 7 nemendur í námskeiðinu.

Samstarf

Verkefnið er samstarfsverkefni Grunnskólans í Grundarfirði, Hesteigendafélags Grundarfjarðar og Hestamiðstöðvar Snæfellsness í Grundarfirði. Grunnskólinn greiðir fyrir kennsluna samkvæmt kjarasamningum. Hesteigendafélag Grundarfjarðar greiðir kostnaðinn af upphaldi hrossanna og þeim kostnaði sem fellur til við hestana auk þess að leggja til aðgang í reiðhöll í eigu félagsins. Hestamiðstöð Snæfellsness leggur til hesta og hesthús auk reiðtygja.